

113. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2004, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfræðingur og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Orri Hlöðversson boðaði forföll.

Gestur fundarins: Birgir Ólafsson frá Verkfræðistofu Suðurlands.

Dagskrá:

1. Tilboð í urðunarrein.

Birgir Ólafsson gerði grein fyrir tilboðunum.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Tönnin ehf.	kr. 17.998.940	58,8 % af kostnaðaráætlun
Afrek ehf. og ET hf.	kr. 22.318.400	73,0 % af kostnaðaráætlun
Vélgrafan ehf.	kr. 25.601.700	83,7 % af kostnaðaráætlun
ABL tak ehf.	kr. 26.615.657	87,1 % af kostnaðaráætlun
Jöfnun ehf.	kr. 28.765.550	88,1 % af kostnaðaráætlun
RSFS ehf.	kr. 28.765.550	94,1 % af kostnaðaráætlun
Sigurjón Á Hjartarson	kr. 31.141.550	101,9 % af kostnaðaráætlun
Sandvirki ehf.	kr. 35.065.100	114,7 % af kostnaðaráætlun
Vörub.stj.fél Mjólnir	kr. 39.237.600	128,3 % af kostnaðaráætlun
Bakkaverk ehf.	kr. 51.219.300	167,5 % af kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun kr. 30.573.400

Tönnin ehf. hefur dregið tilboð sitt til baka.

Samþykkt að ganga til samninga við Afrek ehf. og ET hf.

2. Samstarf Sorpstöðvar Suðurlands og SASS.

Stjórnin ítrekar ályktun sína frá 15. janúar sl.

3. Skipulagsmál í Kirkjuferjuháleigu.

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 31. mars 2004, varðandi hæð urðunarreina í Kirkjuferjuháleigu.

Í bréfinu kemur fram að Umhverfisstofnun telur ljóst að lækkun urðunarreina muni brjóta í bága við ákvæði starfsleyfis vegna mengunarhættu.

Jafnframt telur stofnunin brýnt að sátt um málið náist fljótlega svo endanlegur frágangur á fullnýttum urðunarreinum geti hafist sem fyrst.

4. Aðalfundur 2004.

Lögð fram dagskrá sem var samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:15

Einar Njálsson

Ágúst Ingi Ólafsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Þorvarður Hjaltason